**3349. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 2. ágúst 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Ólafur Adolfsson varamaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **1807108 - Fjólulundur 2 - umsókn um byggingarlóð**

   Umsókn um byggingarlóð við Fjólulund 2.

   *Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.*

2. **1807104 - Akralundur 7, 9 og 11 - Umsókn um byggingarlóð**

   Umsókn um byggingarlóð, Akralundur 7, 9 og 11.

   *Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.*

3. **1807103 - Akralundur 1, 3, og 5 - Umsókn um byggingarlóð**

   Umsókn um byggingarlóð - Akralundur 1,3 og 5.

   *Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.*

4. **1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn - aðalhafnagarður**

   Aðalskipulagsbreyting felst í lengingu á hafnargarði og brimvarnagarði við aðalhöfnina.Ennfremur er hafnargarður Skarfatangahafnar felldur út. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

   Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

   *Bæjarstjórn samþykkir að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3.mgr. 30.gr. sömu laga.*

   *Samþykkt 3:0.*

## 5. 1708227 - Deilisk. - Akraneshafnar, breyting

Breyting á deiliskipulagi felst m.a. í eftirfarandi:
Hafnarbakki er lengdur um 90 metra.
Dýpkun á snúningssvæði innan og utan hafnar.
Brimvarnagarður lengdur um 60 metra með fyrirvara um áhrif á langasand.
Öldudeyfing milli Aðalhafnargarðs og bátabryggju.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarstjórn samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

*Samþykkt 3:0.*

## 6. 1805128 - Öryggi og eftirlit í stofnunum bæjarins

Þjónusta í tengslum við öryggiskerfi og öryggiseftirlit hjá stofnunum Akraneskaupstaðar.
Á fundi ráðsins þann 18. maí var heimilað að farið yrði í verðkönnun sem byggðist á greiningarvinnu sem unnin var af fjármálastjóra og rekstrarstjóra áhaldahúss.

*Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Securitas og felur bæjarstjóra úrvinnslu málsins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:17.**